

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins Dverghamra við Foss á Síðu, Skaftárhreppi.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dverghamra, austan við Foss á Síðu, Skaftárhreppi. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Kvikmyndagerð og ljósmyndun í atvinnuskyni sem getur haft áhrif á náttúruvættið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.4.1. í stjórnunar- og verndaráætluninni.

2. gr.

Umferð ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.8. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

3. gr.

Ekki er heimilt að tjalda innan hins friðlýsta svæðis, sbr. kafla 3.4.

4. gr.

Gæludýr skulu vera í taumi og allur úrgangur hreinsaður frá þeim, sbr. kafla 3.4.2.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 27. nóvember 2019.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*